

Fjárhagsáætlun SHS 2021 - 2025



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.,
Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og SHS fasteignir ehf.



Á 218. fundi stjórnar Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu (SHS), sem haldinn var 20. nóvember 2020 var fjárhagsáætlun 2021-2025 samþykkt, samhliða því var samþykkt að slökkviliðsstjóri undirbúi umfjöllun um hvernig hagræða megi eða endurskipuleggja rekstur SHS til að koma að einhverju leyti til móts við kostnaðarauka vegna kjarasamninga, sem samþykktir voru fyrri hluta árs 2020. Einnig var lögð áhersla á að SHS sækji viðbótarframlag til Sjúkratrygginga Íslands vegna áhrifa Covid-19 á reksturinn.

Í samningi SHS við Sjúkratryggingar Íslands er ákvæði um að ef upp koma alvarlegar/sérstakar aðstæður sem samkvæmt eðli málsins falla ekki undir kröfulýsinguna í samningnum og leiða til verulegra útgjalda slökkviliðsins, er gert ráð fyrir að aðilar semji um þann viðbótarkostnað. Sjúkratryggingum hefur verið gerð grein fyrir því að slökkviliðið muni fara fram á viðbótargreiðslu vegna aðgerða sem farið hefur verið í til að tryggja órofnu og örugga sjúkraflutninga við krefjandi aðstæður vegna Covid-19 faraldursins. Í svari frá Sjúkratryggingum kom fram að fullur skilningur væri á stöðunni og að unnið yrði úr beiðnum þegar faraldurinn væri yfirstaðinn og þá í samræmi við aðgerðir sem stjórnvöld ákveða til að bæta fyrirtækjum og stofnunum þau skakkaföll sem þau kunna að hafa orðið fyrir.

Núgildandi samningur SHS og Sjúkratrygginga Íslands um sjúkraflutninga rennur út í lok júní 2021, gert er ráð fyrir að samningarviðræður um nýjan samning hefjist á næstu vikum.

Fjárhagsáætlun 2021-2025 byggir á meginforsendum sem fjallað er um hér að neðan og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS sem skrifað var undir 4. maí 2018 og gildir fyrir starfssvæði SHS samkvæmt ákvæðum 13. gr. í lögum um brunavarnir nr. 75/2000.

Brunavarnaáætlunin leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í sveitarfélaginu, sem og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS).

Það sem einkennir starfsemi SHS er að reglugerðir gera skýrar kröfur um mönnun og framkvæmd eldvarnaeftirlits og viðbragðs slökkviliða. Kröfurnar eiga að tryggja að nægur mannskapur sé til staðar til þess að sinna eldvarnaeftirliti í mannvirkjum á tilteknu þjónustusvæði samkvæmt árlegri eftirlitsáætlun og að uppsett afl slökkviliðs sé alltaf tryggt þannig að hægt sé að hefja reykköfun innan tíu mínútna frá því að kallið kemur.

Samkvæmt samkomulagi við HMS er mönnun aðgerða- og forvarnasviðs endurskoðuð í júnímánuði ár hvert á gildistíma áætlunarinnar sem er í fimm ár frá samþykkt hennar. Endurskoðunin mun snúast um að mönnun liðsins uppfylli lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem um starfsemina gilda. Niðurstaðna úr yfirstandandi endurskoðun HMS er að vænta innan skamms.

Reykjavík, 20. nóvember 2020.

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri og
framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Meginforsendur fjárhagsáætlunar

Fjárhagsáætlun 2021 byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS. Brunavarnaáætlunina skal endurskoða, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir, eigi síðar en fimm árum eftir að hún hlaut samþykki en oftast ef þörf er á. Ýmis yfirlit eru þó uppfærð a.m.k. árlega og send HMS, s.s. búnaðar- og tækjalistar, yfirlit yfir menntun og þjálfun slökkviliðsmanna og yfirlit yfir stöðu reykkafera.

Stytting vinnutíma hjá vaktavinnufólki mun hafa veruleg áhrif á mönnunarpörf varðliðsins á næstu árum.

Samband íslenskra sveitarfélaga og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hafa komist að samkomulagi um að fresta styttingu vinnutíma í vaktavinnu á grundvelli bókuar 6 með kjarasamningi aðila og að vinna úr bókuninni með eftirfarandi hætti:

- *Frá 1. maí 2021*
Vinnutíminn styttist um 13 mínútur fyrir hverja vakt óháð lengd.
- *Frá 1. maí 2022*
Stytting vinnuvikunnar (36 til 32 stundir). Nýtt vaktafyrirkomulag tekur gildi.

Samkomulagið kveður á um að í ársbyrjun 2021 verði stofnaður sameiginlegur vinnuhópur samningsaðila og rekstraraðila til að vinna að nýju vaktafyrirkomulagi. Stefnt er að því að það liggja fyrir í árslok 2021 og að það vaktafyrirkomulag taki gildi 1. maí 2022. Innleiðing á styttingu vinnuvikunnar fyrir þá sem eru í vaktavinnu er því tekin í tveim skrefum sem og ráðning á nýju starfsfólki til að koma til móts við styttingu vinnutíma.

Í fjárhagsáætlun 2022 þarf því að gera ráð fyrir að vinnuvikan fyrir fólk í vaktavinnu styttist úr 40 stundum í 36 virkar stundir á viku, fyrir fullt starf. Frekari stytting í allt að 32 stundir er möguleg og grundvallast á vægi vinnustunda. Launamyndun vaktavinnufólks breytist og mun taka meira mið af vaktabyrði en áður. Hvernig það verður útfært hjá SHS liggur ekki fyrir og er hluti af því sem þarf að taka fyrir í sameiginlegum vinnuhópi samningsaðila og rekstraraðila sem vitnað er í hér fyrir ofan.

Ytri forsendur fjárhagsáætlunar

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum SHS byggja á forsendum frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar og SSH til byggðasamlaganna fyrir tímabilið 2021-2025, sjá töflu hér fyrir neðan. Áætlað er að launavísitala hækki um 5,6% og vísitala neysluverðs um 2,4% fyrir árið 2021.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar

Breytingar milli ársmeðaltala %	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Einkaneysla	1,6	-6,1	5,5	3,2	2,6	2,6	2,5
Samneysla	4,1	3,1	1,3	1,8	1,8	1,7	1,8
Fjármunamyndun	-6,3	-8,4	5,1	3,4	3,0	1,5	2,3
Útflutningur vöru og þjónustu	-5,0	-30,1	19,1	8,2	6,7	5,2	3,3
Innflutningur vöru og þjónustu	-9,9	-23,2	17,4	8,1	6,4	4,3	2,8
Verg landsframleiðsla	1,9	-8,4	4,9	2,9	2,6	2,5	2,5
Atvinnuleysi	3,6	8,2	6,8	6,2	5,4	5,0	4,6
Vísitala neysluverðs	3,0	2,4	2,4	2,6	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	8,6	8,9	-1,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala	4,9	5,8	5,6	5,4	4,2	4,2	4,2

Forsendur um gjaldskrárbreytingar

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

Gjaldskrá SHS er sett með heimild í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum SHS, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

Á 218. fundi stjórnar var ný gjaldskrá fyrir árið 2021 samþykkt. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og fellur þar með úr gildi eldri gjaldskrá.

Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64 greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skuli í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærrí fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

Fjárhagsáætlun 2021

Að teknu tilliti til kjarasamningsbundinna launahækkana og magnaukningar, nýráðningar vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks og áhrifa hennar á mönnun aðgerðasviðs SHS, er fjárhagsáætlun samstæðunnar fyrir árið 2021 samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2020	ÚT-2020	Á-2021	Breyting	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	ÚT-2020	
Rekstrartekjur					
Eigendur vegna reksturs SHS.....	1.605.000	1.605.000	1.981.600	376.600	23,5%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	95.200	95.200	123.100	27.900	29,3%
Eigendur vegna almannavarna AHS.....	19.100	19.100	20.100	1.000	5,2%
Tekjur frá eigendum alls:	1.719.300	1.719.300	2.124.800	405.500	23,6%
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga.....	1.345.000	1.302.000	1.368.800	66.800	5,1%
Sértekjur.....	96.000	83.000	87.200	4.200	5,1%
SHS fasteignir.....	118.100	113.000	110.600	(2.400)	-2,1%
Aðrar tekjur alls:	1.559.100	1.498.000	1.566.600	68.600	4,6%
Rekstrartekjur alls:	3.278.400	3.217.300	3.691.400	474.100	14,7%
Rekstrargjöld					
Laun og launatengd gjöld.....	2.627.000	2.760.000	3.008.200	248.200	9,0%
Annar rekstrarkostnaður.....	508.200	528.000	538.900	10.900	2,1%
Rekstrargjöld alls:	3.135.200	3.288.000	3.547.100	259.100	7,9%
Niðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða	143.200	(70.700)	144.300	215.000	
Afskriftir.....	(126.786)	(126.786)	(129.000)	(2.214)	
Fjármagnsliðir.....	(13.638)	(13.638)	(14.000)	(362)	
Rekstrarniðurstaða	2.776	(211.124)	1.300	212.424	

Fjárhæðir í þús. kr.

SHS hefur óskað eftir viðbótargreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) með vísan í bókun 3 í samningi um sjúkraflutninga. Vegna óvissu um fjárhæð og hvenær vænta megí greiðslu er ekki gert ráð fyrir þessu í áætlunum SHS. En væntanleg viðbótargreiðsla frá SÍ myndi lækka fyrirséða neikvæða niðurstöðu 2020, ef beiðni SHS verður afgreidd fyrir áramót.

Rekstrartekjur

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2021 eru 3.691 m.kr., sem er um 14,7% hækkun miðað við endurskoðaða áætlun 2020.

Tekjur frá eigendum eru 2.125 m.kr. eða um 57,6% af heildartekjum. Tekjur af sjúkraflutningum erum um 37% af heild eða 1.369 m.kr. og aðrar tekjur 198 m.kr. eða um 5,4% af heildartekjum. Samningar um sjúkraflutningana eru lausir 30. júní á næsta ári. Gert er ráð fyrir að samingaviðræður um sjúkraflutninga eftir 30. júní 2021 hefjist á næstu vikum. Mikil óvissa er því í rekstri SHS um þetta viðamikla verkefni og stóran tekjulið sem því fylgir.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2020	ÚT-2020	Á-2021	Breyting	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	ÚT-2020	
Rekstrartekjur					
Eigendur vegna reksturs SHS.....	1.605.000	1.605.000	1.981.600	376.600	23,5%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	95.200	95.200	123.100	27.900	29,3%
Eigendur vegna almannavarna AHS.....	19.100	19.100	20.100	1.000	5,2%
Tekjur frá eigendum alls:	1.719.300	1.719.300	2.124.800	405.500	23,6%
				0	
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga.....	1.345.000	1.302.000	1.368.800	66.800	5,1%
Sértekjur.....	96.000	83.000	87.200	4.200	5,1%
SHS fasteignir.....	118.100	113.000	110.600	(2.400)	-2,1%
Aðrar tekjur alls:	1.559.100	1.450.000	1.566.600	116.600	8,0%
Rekstrartekjur alls:	3.278.400	3.169.300	3.691.400	522.100	16,5%

Fjárhæðir í þús. kr.

Framlag eigenda vegna reksturs SHS

Hækkun á framlagi eigenda vegna reksturs er aðallega vegna hækkunar á launum um 248 m.kr. (9,0%) frá útkomuspá 2020 sem er tilkomin vegna kjarasamningsbundinna hækkana launa annars vegar og hins vegar vegna áhrifa af styttingu vinnutíma vaktavinnufólks um 13 mínútur á vakt, sem hefur mikil áhrif á mönnun varðliðsins og kallar á nýráðningar. Launakostnaður SHS er um 85% af heildarkostnaði. Einnig er gert ráð fyrir 2,1% hækkun á öðrum rekstrarkostnaði.

Framlag til rekstrar miðað við framangreindar forsendur er um 1.982 m.kr. sem er um 23,5% hækkun miðað við endurskoðaða áætlun 2020.

Framlag eigenda til AHS

Gert er ráð fyrir að framlagið hækki um 5,1% eða í takt við hækkun launa- og neysluvísitölu.

Framlag í fjárfestingarsjóð

Fjárfestingarframlag eigenda er stofnsamningsbundið, tengt SDR gengi og háð fjölda slökkvistöðva, sem eru fjórar í dag. Fjárfestingarframlagið hækkar því í samræmi við ákvæði í stofnsamningi og verður um 123 m.kr. 2021, miðað við gengi SDR eins og það er 31. ágúst 2020.

Tekjur af sjúkraflutningum – ríkissjóður

Núverandi samningur SHS og ríkissjóðs um sjúkraflutninga gerir ráð fyrir að tekjurnar taki breytingum í takt við verðlag, þar sem hækkun launavísitölu vegur 86% og hækkun neysluvísitölu vegur 14%. Auk þess er hann háður magnbreytingum, bæði íbúafjölda á þjónustusvæðinu og fjölda sjúkraflutninga.

Útkomuspá fyrir 2020 gerir ráð fyrir að tekjur af sjúkraflutningum 2020 verði um 3,2% lægri en áætlun.

Í forsendum fyrir áætlun 2021 er gert ráð fyrir að fjöldi sjúkraflutninga verði að mestu í takt við það sem þeir voru fyrir Covid-19 og hlutfallslegri fjölgun íbúa í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (1,6%).

Gert er ráð fyrir að heildartekjur af sjúkraflutningum 2021 verði um 1.369 m.kr. og hækki um 67 m.kr. (5,1%) miðað við útkomuspá 2020.

Húsaleigutekjur SHS samstæðu

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur hækki í takt við þróun verðlags 2021, miðað við útkomuspá 2020. Útkomuspáin fyrir 2020 gerir ráð fyrir um 5 m.kr. (4,6%) lægri leigutekjum en áætlun ársins, sem kemur til vegna þess að í júní 2020 tók SHS yfir húsnæði sem bílamiðstöð ríkislögreglustjóra var áður með á leigu í Skógarhlíðinni, í forsendum fyrir 2021 er gert ráð fyrir að sú ráðstöfun haldi áfram 2021.

Aðrar sértekjur

Gert er ráð fyrir að aðrar sértekjur hækki um 4,2 m.kr. (5,1%) eða í takt við verðlag, miðað við útkomuspá 2020. Útkomuspá fyrir 2020 gerir ráð fyrir að aðrar sértekjur verði 13 m.kr. (13,5%) lægri en áætlun, ástæðuna má fyrst og fremst rekja til færri viðburða vegna Covid-19 sem kalla á öryggisvakt SHS.

Töluverð óvissa er um þróun sértekna 2021, þar sem samningur SHS við Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands og HMS vegna menntunar slökkviliðsmanna rennur út í lok árs og ekki ljóst hvernig framhald verður á honum. Einnig er mikil óvissa vegna Covid-19 í tengslum við þjónustu SHS vegna sértækra viðburða.

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld SHS samstæðunnar eru áætluð 3.547 m.kr. á árinu 2021 sem er um 7,9% hækkun frá útkomuspá 2020.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2020	ÚT-2020	Á-2021	Breyting	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	ÚT-2020	
Rekstrargjöld					
Laun og launatengd gjöld.....	2.627.000	2.760.000	3.008.200	248.200	9,0%
Annar rekstrarkostnaður.....	508.200	528.000	538.900	10.900	2,1%
Rekstrargjöld alls:	3.135.200	3.288.000	3.547.100	259.100	7,9%

Fjárhæðir í þús. kr.

Laun og launatengd gjöld eru um 85% af rekstrargjöldum fyrir afskriftir og fjármagnskostnað og önnur rekstrargjöld um 15%. Hér er gerð grein fyrir helstu þáttum kjarasamnings sem hafa bein áhrif á launakostnað næsta árs og þróun annars rekstrarkostnaðar.

Laun og launatengd gjöld

Reiknað er með að mönnun aðgerðarviðs sé í takt við brunavarnaáætlun SHS sem samþykkt var 2018. Áætlunin er í árlegri endurskoðun hjá HMS í samræmi við endurskoðunarákvæði til að tryggja að SHS sé ávallt nægjanlega vel mannað til að sinna lögbundnum verkefnum og að önnur verkefni skerði ekki getu þess á neinn máta. Ekki liggur fyrir nú hvaða áhrif endurskoðunin mun hafa, ef einhver, en það mun sennilega koma í ljós fyrir árslok. Kostnaður vegna launa er því með fyrirvara um niðurstöðu HMS.

Flöt hækkun mánaðarlauna 1. janúar 2021 er um 5,1% og önnur laun, s.s. vaktálag og yfirvinna, hækka í takt við hækkun mánaðarlauna. Þá er ekki búið að taka tillit til launaþróunar í starfi vegna menntunar, aldurs og stöðu.

Stytting vinnutíma vaktavinnufólks kallar á magnbreytingar, nýráðningar, en eins og áður hefur komið fram mun starfsmaður ávinna sér 13 mínútna styttingu vinnutíma fyrir hverja vakt óháð lengd frá og með 1. maí 2021. Framangreind stytting vinnutíma vaktavinnufólks og mönnun aðgerðarviðs í takt við brunavarnaáætlun þýðir að ráða þarf inn um 12 manns í varðliðið vegna styttingar vinnuvikunnar um 13 mínútur á hverja vakt eins og áður hefur komið fram. Heildarkostnaður vegna þess er áætlaður um 95 m.kr. 2021.

Stytting vinnutíma dagvinnufólks í 36 tíma vinnuviku tekur gildi 1. janúar 2021 og ekki er gert ráð fyrir að hún hafi áhrif á launakostnað 2021.

Launatengd gjöld hækka þar sem samið var um nýtt gjald, 1,24% af heildarlaunum starfsmanna í félagsmannasjóð, sbr. grein 13.8.1. í kjarasamningi, og framlag í starfsmenntunarsjóð LSS hækkar um 0,37%, eða úr 0,43% í 0,8%, sbr. grein 13.4.1 í kjarasamningi.

Lágmarksorlof skal vera 240 vinnuskyldustundir (30 dagar) miðað við fullt ársstarf, óháð aldri, sbr. gr. 4.1.1. í kjarasamningi. Framangreint samsvarar um 0,5% meðaltalshækkun launakostnaðar SHS. Ávinnslan tók gildi 1. maí 2020.

Orlofs- og desemberuppþót hækkar um 0,1% sbr. grein 1.7.1. í kjarasamningi.

Að teknu tilliti til ofangreinds hækkar heildarlaunakostnaðar 2021 um 248 m.kr. (9,0%) miðað við útkomuspá 2020. Hækkun vegna kjarasamningsbundinnar launahækkunar og launaþróunar er áætluð um 153 m.kr. (5,6%) og hækkun vegna styttingar vinnutíma (13 mínútur á vakt) vaktavinnufólks um 95 m.kr. (3,4%).

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnæðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði. Undir þennan lið falla stórir liðir sem taka annars vegar mið af launavísitölu (5,6%), s.s. þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af neysluvísitölu (2,4%), s.s. vinnufatnaður, námskeið og tölvubúnaður.

Kostnaðarauki vegna fjölgunar starfsmanna vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks er áætlaður um 18 m.kr. milli ára., þ.e. matarkostnaður, fatnaður, læknisskoðun, tryggingar o.fl.

Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður hækki því samtals um 11 m.kr. (2,1%) 2021, miðað við útkomuspá 2020. Gert er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldi í rekstri og viðhaldi til að koma til móts við hækkun á öðrum föstum liðum sem taka mið af launavísitölu og vegna fjölgunar starfsmanna.

Sjóðstreymi og fjárfestingar

Í brunavarnaáætlun liðsins er gert ráð fyrir eftirfarandi fjárfestingum á árinu 2021 sem verða fjármagnaðar með framlagi eigenda í fjárfestingarsjóð:

- Kaup á nýrri gámabifreið og eldri bifreið seld, en hún er árgerð 2004 og verður því 17 ára 2021. Samkvæmt stofnsamningi skal endurnýja gámabifreiðar á 10 ára fresti en vegna hagræðingar sl. ára hefur það frestast.
- Kaup á dælubifreið í stað þeirrar sem er staðsett á slökkvistöðinni í Grundarhverfi á Kjalarnesi en hún er af árgerð 1976 og verður því 45 ára 2021.

Gert er ráð fyrir að undirbúningur við byggingu á nýrri slökkvistöð í stað stöðvarinnar á Tunguhálsi verði hafin á árinu 2021. Í fyrri áætlunum var gert ráð fyrir að byggingu yrði lokið fyrir árslok 2021 en úr þessu verður einhver seinkun á þeim áformum. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti fjármögnun á byggingu nýrrar slökkvistöðvar verði háttáð en áhrifa hennar mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

Í samþykktri fjárhagsáætlun 2020 var gert ráð fyrir að keypt yrði ný körfubifreið og eldri seld, en í ljósi aðstæðna hefur enn ekki verið gengið frá því og hefur framangreind fjárfestingarheimild verið færð yfir á árið 2021.

Sjóðstreymi

	Á-2020 áætlun	ÚT-2020 útkomuspá	Á-2021 áætlun
Rekstrarniðurstaða.....	2.776	(211.124)	1.300
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	126.786	126.786	129.000
Verðbætur og gengismunur.....	6.656	6.656	6.656
	136.218	(77.682)	136.956
Viðskiptakröfur lækkun (hækkun).....	5.477	6.029	6.029
Aðrar skammtímakröfur (lækkun) hækkun.....	(27.285)	(27.285)	0
Handbært fé frá rekstri	114.410	(71.653)	142.985
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(110.000)	(80.000)	(123.000)
Afborganir langtímalána.....	(12.462)	(12.462)	(12.462)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(8.052)	(164.115)	7.523
Handbært fé í byrjun árs.....	204.015	280.563	116.448
Handbært fé í lok árs	195.963	116.448	123.971

Fjárhæðir í þús. kr.

Meðfylgjandi tafla sýnir sjóðstreymi eins og það kom fram í samþykktri áætlun fyrir 2020, þar sem gert var ráð fyrir að reksturinn yrði svo að segja í jánnum og að heildarfjárfesting yrði 110 m.kr. Útkomuspá 2020 gerir ráð fyrir að heildarfjárfesting 2020 lækki og verði um 80 m.kr. og að fjárfesting í áðurnefndri körfubifreið sem gert var ráð fyrir að keypt yrði í ár verði frestað til næsta árs.

Framlög eigenda

Eigendur greiða framlög til rekstrar í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember ársins á undan í samræmi við 10. gr. stofnsamnings SHS. Þannig ráða íbúatölur 1. desember 2019 skiptingunni fyrir áætlun 2021. Hlutfallsleg skipting aðildarsveitarfélaganna breytist því frá áætlun 2020 til áætlunar 2021 í takt við íbúapróun á svæðinu.

Hlutfallslegar breytingar milli ára	íbúar 2018	íbúar 2019	breytingar fjöldi	breytingar	hlutfall 2020	hlutfall 2021	breytingar
Eigendur vegna slökkviliðs							
Reykjavík.....	128.724	131.146	2.422	1,88%	56,50%	56,34%	-0,17%
Kópavogur.....	36.930	37.936	1.006	2,72%	16,21%	16,30%	0,09%
Hafnarfjörður.....	29.791	29.986	195	0,65%	13,08%	12,88%	-0,20%
Garðabær.....	16.277	16.924	647	3,97%	7,14%	7,27%	0,13%
Mosfellsbær.....	11.426	12.069	643	5,63%	5,02%	5,18%	0,17%
Seltjarnarnes.....	4.664	4.719	55	1,18%	2,05%	2,03%	-0,02%
	227.812	232.780	4.968	2,18%	100,00%	100,00%	

Íbúapróun á höfuðborgarsvæðinu frá 1. desember 2018 til 1. desember 2019

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 4.968 á tímabilinu, eða um 2,18%, skv. Hagstofu Íslands. Fjölgun var mismikil eftir sveitarfélögum, minnst var hún í Hafnarfirði, 0,65%, en íbúum Mosfellsbæjar fjölgaði hlutfallslega mest, eða um 5,63%, sem hefur áhrif á framlag þeirra til SHS á rekstrarárinu 2021.

Eftirfarandi tafla sýnir áætlað framlag hvers eiganda til reksturs SHS, AHS og í fjárfestingasjóð SHS á árinu 2021, samanborið við áætlun ársins 2020.

Til að standa undir verðlagshækkun 2021, verðlagshækkun umfram áætlun 2020 og nauðsynlegri fjölgun varðliðsmanna vegna styttingar vinnutíma þarf framlag eigenda til rekstrar SHS að hækka um 377 m.kr. eða um 23,5% miðað við áætlun 2020.

Greiðslur sveitarfélaga	Á-2020	Á-2021	Breytingar	Hlutfall
<i>Fjárh. í þús. kr.</i>			Á-2020	
Heild				
Vegna reksturs SHS.....	1.605.000	1.981.600	376.600	23,5%
Vegna fjárfestinga SHS.....	95.200	123.100	27.900	29,3%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	19.100	20.100	1.000	5,2%
Alls:	1.719.300	2.124.800	405.500	23,6%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	971.482	1.197.092	225.610	23,2%
Vegna reksturs SHS.....	906.897	1.116.414	209.517	23,1%
Vegna fjárfestinga SHS.....	53.792	69.353	15.561	28,9%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	10.792	11.324	532	4,9%
Kópavogur	278.711	346.277	67.566	24,2%
Vegna reksturs SHS.....	260.182	322.940	62.758	24,1%
Vegna fjárfestinga SHS.....	15.433	20.062	4.629	30,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	3.096	3.276	179	5,8%
Hafnarfjörður	224.833	273.710	48.877	21,7%
Vegna reksturs SHS.....	209.886	255.264	45.378	21,6%
Vegna fjárfestinga SHS.....	12.449	15.857	3.408	27,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	2.498	2.589	92	3,7%
Garðabær	122.843	154.481	31.638	25,8%
Vegna reksturs SHS.....	114.676	144.070	29.394	25,6%
Vegna fjárfestinga SHS.....	6.802	8.950	2.148	31,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.365	1.461	97	7,1%
Mosfellsbær	86.232	110.165	23.933	27,8%
Vegna reksturs SHS.....	80.499	102.740	22.241	27,6%
Vegna fjárfestinga SHS.....	4.775	6.382	1.608	33,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	958	1.042	84	8,8%
Seltjarnarnes	35.199	43.075	7.875	22,4%
Vegna reksturs SHS.....	32.859	40.172	7.313	22,3%
Vegna fjárfestinga SHS.....	1.949	2.496	546	28,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	391	407	16	4,2%
Kjósarhreppur	19	21	2	12,1%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	19	21	2	12,1%

Fjárhagsáætlun 2022 - 2025

Eins og áður hefur komið fram þá byggir fjárhagsáætlun 2021 á þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS með fyrirvara um breytingar vegna árlegrar endurskoðunar MVS á mönnun meðal annars með tillit til niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja. Rammaáætlun fyrir árin 2022 – 2025 er því einnig birt með sömu fyrirvörum sem hefðu þá áhrif á fjárhagsáætlun liðsins.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að vinnuvika fyrir fólk í vaktavinnu styttest úr 40 stundum í 36 virkar stundir á viku, fyrir fullt starf. Miðað við framangreint verður 12 tíma vaktakerfið lagt niður og eitt vaktavinnukerfi verður við líði fyrir alla varðliðsmenn.

Frekari stytting í allt að 32 stundir er möguleg og grundvallast á vægi vinnustunda. Launamyndun vaktavinnufólks breytist og mun taka meira mið af vaktabyrði en áður. Hvernig það verður útfært hjá SHS liggur ekki fyrir og er hluti af því sem þarf að taka fyrir í sameiginlegum vinnuhópi samningsaðila og rekstraraðila sem komið verður á fót í ársbyrjun 2021. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili niðurstöðu fyrir árslok 2021.

Miðað við að nýtt vaktakerfi taki gildi 1. maí 2022 með 36 stunda vinnuviku þarf að ráða inn 18 nýja varðliðsmenn í byrjun árs 2022, áætlaður nettó kostnaðarauki vegna fjölgunar varðliðsmanna og breytinga á vaktakerfi er um 130 m.kr. á ári á verðlagi 2021.

Gert er ráð fyrir að annar starfsmannatengdur kostnaður hækki um 27 m.kr. vegna fjölgunar starfsmanna 2022, þ.e. matarkostnaður, fatnaður, læknisskoðun, tryggingar o.fl.

Heildarkostnaðaraukning vegna fjölgunar starfsmanna 2022 er áætluð um 157 m.kr. og gert er ráð fyrir að hún verði að hluta fjármögnuð með hækkun á framlagi eigenda og að hluta með auknum tekjum frá ríkissjóði vegna sjúkraflutninga.

Rekstur	Á föstu verðlagi			
	Á-2022	Á-2023	Á-2024	Á-2025
Rekstrartekjur:				
Tekjur frá eigendum.....	2.219.000	2.219.000	2.219.000	2.219.000
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga.....	1.432.000	1.432.000	1.432.000	1.432.000
Aðrar tekjur.....	198.000	198.000	198.000	198.000
Rekstrartekjur samtals	3.849.000	3.849.000	3.849.000	3.849.000
Rekstargjöld:				
Laun og launatengd gjöld.....	3.138.000	3.138.000	3.138.000	3.138.000
Annar kostnaður.....	566.000	566.000	566.000	566.000
Rekstargjöld samtals	3.704.000	3.704.000	3.704.000	3.704.000
Niðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða	145.000	145.000	145.000	145.000
Afskriftir.....	(130.000)	(130.000)	(130.000)	(130.000)
Fjármagnsliðir.....	(14.000)	(14.000)	(14.000)	(14.000)
Rekstrarniðurstaða	1.000	1.000	1.000	1.000

Fjárhæðir í þús. kr.